



Þingsályktanir og fréttatilkynningar frá Utanríkisráðuneytinu

Bjarni Benediktsson – Stjórnmaál – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra –

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-20, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 3. september 1956.

Db.
(óskast tilgreint í svari)

Utanríkisráðuneytið sendir yður hér með, hr.
alþingismaður, frásögn af fundi þjóðréttarnefndar Sam-
einuðu þjóðanna sumarið 1956.

F. h. r.

Arnfríður Sv. Björnsson

Fundur Þjóðréttarnefndar Sameinuðu þjóðannasumarið 1956.

Þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (International Law Commission) hélt 8. fund sinn í Genf dagana 23. apríl til 4. júlí 1956. Aðalverkefni nefndarinnar á þessum fundi var að ganga frá heildarskýrslu og tillögum varðandi þær reglur þjóðaréttarins, sem gilda skuli á hafinu. Hefir nefndin unnið að rannsókn þessara mála undanfarin ár, en árið 1949 samþykkti allsherjarþing S.P. tillögu frá Íslandi um að fela nefndinni að gera heildartillögur varðandi þetta mál. Á þessum fundi lauk nefndin skýrslu sinni og gerði uppkast að 73 greinum í þessum efnum. Mun skýrsla nefndarinnar ásamt uppkastinu verða lögð fyrir næsta allsherjarþing S.P.

Skulu nú raktar helztu niðurstöður nefndarinnar varðandi þau atriði, er mestu máli skipta.

I. Landhelgi.

1.-25. grein skýrslunnar fjalla um landhelgi ríkja.

Aðalniðurstöðurnar urðu þessar:

A. Grunnlínur. Samkvæmt 4. grein uppkastsins er talið að meginreglan sé sú, að grunnlínur þær, sem landhelgin reiknast frá, beri að miða við fjöruborð. Hinsvegar er í 5. gr. gert ráð fyrir því, að þegar sérstaklega standi á megi draga beinar grunnlínur, þó þannig að ávallt sé fylgt meginstefnu strandarinnar. Í slíkum tilvikum er þá heimilt að taka tillit

til sérstakra ökonomiskra hagsmuna, sem reynslan sýnir að hafi raunhæfa þýðingu. Ekki er talið heimilt að miða slíkar grunnlínur við staði, sem yfir flæðir. Í greininni er miðað við að þessar beinu grunnlínur megi nota, þegar um mjög vogskorna strönd er að ræða eða eyjar eru í næsta nágrenni.

B. Flóar og firðir. Í 7. grein uppkastsins er gert ráð fyrir því sem meginreglu, að grunnlínur yfir flóa og firði skuli draga næst mynni þar sem fjarlægðin er ekki meiri en 15 sjómí-
ur. Hinsvegar er gert ráð fyrir því, að þessi regla gildi ekki um svonefnda "sögulega flóa", né heldur í þeim tilvikum, þar sem nota má beinar grunnlínur samkvæmt 5. gr.

C. Víðátta landhelginnar. 3. gr. uppkastsins fjallar um þetta atriði. Segir þar, að nefndin viðurkenni að ekki sé fyrir hendi allsherjarregla um víðáttu landhelginnar. Þá segir einnig, að nefndin álíti, að samkvæmt þjóðarétti sé ekki heimilt að ákveða stærri landhelgi en 12 mílur. Tekur nefndin það fram, án þess að taka nokkra ákvörðun um víðáttu landhelginnar að því marki, að annarsvegar hafi mörg ríki talið sér meira en þriggja mílna landhelgi, og að hinsvegar viðurkenni mörg ríki ekki slíkar kröfur, þegar þeirra eigin landhelgi er þrengri. Að lokum kveðst nefndin álíta, að ákveða beri víðáttu landhelginnar á alþjóðaráðstefnu.

Við umræður í nefndinni kom sú skoðun í ljós að talið var, að allsherjarþing S.P. myndi ekki hafa nægilega sérþekkingu til að bera til þess að taka ákvörðun um þetta efni. Varð því niðurstaðan sú að leggja til, að sérstök ráðstefna fjalli um það.

II. Úthafið - verndun fiskistofnanna.

Annar hluti uppkastsins fjallar um reglur þær er gilda skuli á úthafinu og skipta þar mestu máli 49.-59. gr. Er þar byggt á því höfuðsjónarmiði, að fiskveiðar utan landhelgi séu öllum heimilar, en að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til þess að vernda fiskistofnana. Er þá gert ráð fyrir því, að nauðsynlegar friðunarráðstafanir utan landhelgi verði gerðar með samningum þeirra ríkja, sem hagsmuna hafa að gæta á hlutað-eigandi svæðum. Náist slíkir samningar ekki, er talið að strandríki sé heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessum efnum einhliða. Þetta er þó að því áskildu, að ráðstafanirnar taki jafnt til innlendra manna sem erlendra og að ef ágreiningur verði um nauðsyn ráðstafananna megi skjóta honum til gerðardóms. Er í uppkastinu gert ráð fyrir sérstakri nefnd, er fjalli um slík mál.

Samkvæmt 53. gr. er ráðgert að þær þjóðir, sem ekki hafa veitt á tilteknum svæðum, verði bundnar af þeim reglum sem í gildi eru þegar þær hefja slíkar veiðar.

III. Sérstök lögsaga vegna tollalaga o.fl.

Í 66. gr. uppkastsins er ráðgert að ríki beri lögsaga utan landhelgi í nánar tilteknum atriðum í allt að 12 mílna fjarlægð frá grunnlínunum. Er þar um að ræða lögsögu í tolla-, fjármálum og heilbrigðismálum.

Þá er í 67.-73. gr. fjallað um landgrunnið. Er þar byggt á því, að hverju ríki beri yfirráðaréttur yfir landgrunni sínu sem slíku, þ.e. rétturinn nær einungis til náttúruauðefa

landgrunnnsins, þ.e. fyrst og fremst olíulinda. Samkvæmt uppkasti nefndarinnar er ljóst, að réttur þessi mun algjörlega óviðkomandi fiskveiðum.

IV. Fiskveiðilögsaga.

Á bls. 112 í skýrslu nefndarinnar er sérstaklega rætt um þetta atriði, enda þótt uppkastið að reglunum fjalli ekki um það. Segir þar á þessa leið:

"Kröfur um sérstök fiskveiðiréttindi
vegna ökonomiskra ástæðna.

Athygli nefndarinnar hefur verið vakin á tillögu þess efnis, að þar sem þjóð byggir afkomu sína fyrst og fremst á fiskveiðum meðfram ströndum, ætti hlutaðeigandi ríki að hafa lögsögu yfir fiskveiðum innan sanngjarnrar fjarlægðar frá ströndum með tilliti til aðstæðna á staðnum þegar nauðsyn ber til í því skyni að séð sé um, að íbúarnir geti notað fiskveiðarnar sér til framdráttar og lífsviðurværis. Var lagt til, að í slíkum tilvikum gæti verið rétt að færa út landhelgina eða ákveða sérstök fiskveiðitakmörk með þetta fyrir augum.

Þegar nefndin hafði rætt þetta mál, komst hún að raun um, að hún hafði ekki aðstöðu til að rannsaka fyllilega hvað í tillögunni fælist og að hve miklu leyti væri hér um einkaafnot að ræða. Nefndin féllst hinsvegar á, að þessi tillaga (sbr. og 53. gr.) kunni að bera vott um vanda- og hagsmunamál, sem rétt sé að þjóðarétturinn viðurkenni. Þar sem nefndin hafði ekki til að bera sérþekkingu í fiskifræði og hagfræði til þess að kynna sér þetta sérstaka tilvik á fullnægjandi hátt, hefur hún ekki gert ákveðnar tillögur í þessu efni, en leyfir sér að vekja athygli á því."

V. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Svo sem áður segir, verður uppkast þjóðréttarnefndarinnar lagt fyrir næsta allsherjarþing S.P. og verður þar væntanlega tekin ákvörðun um það, hvort þingið sjálft muni taka mál þetta til afgreiðslu eða hvort það telur nauðsynlegt að kveðja saman sérstaka alþjóðaráðstefnu, svo sem nefndin hefur lagt til.

Utanríkisráðuneytið, 25. ágúst 1956.

Þingsályktun

um stefnu Íslands í utanríkismálum og um meðferð
varnarsamningsins við Bandaríkin.

Alþingi ályktar að lýsa yfir:

Stefna Íslands í utanríkismálum verði hér eftir sem hingað til við það miðuð að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins, að höfð sé vinsamleg sambúð við allar þjóðir og að Íslendingar eigi samstöðu um öryggismál við nágrannaþjóðir sínar, m. a. með samstarfi í Atlantshafsbandalaginu.

Með hliðsjón af breyttum viðhorfum síðan varnarsamningurinn frá 1951 var gerður og með tilliti til yfirlýsinga um, að eigi skuli vera erlendur her á Íslandi á friðartímum, verði þegar hafin endurskoðun á þeirri skipan, sem þá var tekin upp, með það fyrir augum, að Íslendingar annist sjálfir gæzlu og viðhald varnarmannvirkja — þó ekki hernaðarstörf — og að herinn hverfi úr landi. Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn samkv. 7. gr. samningsins.

Samþykkt á Alþingi 28. marz 1956.

FRÉTTATILKYNNING FRÁ UTANRÍKISRÁÐUNEFNINGU

Dagana 20. - 24. nóvember 1956 fóru fram í Reykjavík viðræður af hálfu ríkisstjórnna Bandaríkjanna og Íslands um varnarsamninginn frá 1951 í frámhaldi af samþykkt Alþingis frá 28. mars s.l.

Í dag skiptust utanríkisráðgjafi Íslands og ambassadur Bandaríkjanna á erindum þar sem eftirgreindir tveir samningar eru gerðir milli ríkjanna:

I.

"Viðræður hafa farið fram milli ríkisstjórnna Íslands og Bandaríkjanna um endurskoðun varnarsamningsins og brottflutning varnarliðsins. Í viðræðum þessum hafa verið höfð í huga hin hefðbundna sjónarmið varðandi dvöl herliðs á Íslandi, sem lýst var yfir af hálfu ríkisstjórnar Íslands, er það gerðist aðili að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Jafnframt hefur verið haft í huga, að árslita ákvörðun um hvort varnarlið dvelji í landinu, er hjá ríkisstjórn Íslands. Viðræðurnar hafa leitt til samkomulags um, að vegna ástands þess, er skapast hefur í alþjóðamálum undanfarið og áframhaldandi hattu, sem stöðjar að Öryggi Íslands og Norður-Atlantshafsríkjanna, sé þörf varnarliðs á Íslandi samkvæmt ákvæðum varnarsamningsins. Hafa ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna því ákveðið:

1. Að viðræðum um endurskoðun varnarsamningsins að því er varðar brottflutning varnarliðsins, verði ekki haldið áfram þangað til tilkynning er gefin samkvæmt 2. tölulíð hér á eftir.
2. Ré 6 mánaða frestur sé, sem um ræðir í 7. grein varnarsamningsins, hefjist þegar önnur ríkisstjórnin tilkynnir hinni þar um.
3. Að fastanefnd kynni sér varnarpáttir með hliðsjón af ástandi í alþjóðamálum og geri tillögur til ríkisstjórnanna um hverjar ráðstafanir gera skuli í þessum efnum."

II

2/1
"Komið verði á fót fastanefnd í varnarmálum Íslands, er skipað sé ekki fleirum en þremur ábyrgum fulltrúum frá hvorri ríkisstjórn um sig, og sé hlutverk nefndarinnar:

- I. Að ráðgast við og við um varnarþarfir Íslands og Norður-Atlantshafssvæðisins, að athuga hverjar ráðstafanir gera þurfi vegna þeirra og að gera tillögur til ríkisstjórnanna beggja í þeim efnum, með hliðsjón af hernaðarlegu og stjórnmálalegu viðhorfi á hverjum tíma.
- II. Að undirbúa, að svo miklu leyti sem hernaðarlegur viðbúnaður leyfir, að Íslendingar taki í ríkara mæli en áður að sér störf, er varða varnir landsins, á meðan vöð er á hafum mánna til slíkra starfa, svo og að tryggja að menn séu efðir í þessu skyni.
- III. Að vinna að lausn mála, er varða stefnuna í almennum meginatriðum í samskiptum Íslendinga og varnarliðsins."

Utanríkisráðuneytið óskar að taka sérstaklega fram, að aðrir samningar en hér eru tilgreindir, hafa ekki verið gerðir og að samningum þessum er ekki ætlað að breyta neinu í sambandi við uppsagnarákvæði 7. gr. varnarsamningsins frá 1951.

Utanríkisráðuneytið,

Reykjavík, 6. desember 1956.

